

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f. h. Oliuverzlunar Íslands h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 9. marz 1950.

Nr. 4/1950.

Helgi Eyjólfsson (Guðjón Hólm hdl.)
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h.

Vörubílstjóradeildar

Verkalýðs- og Sjómannafélags Keflavíkur

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Frávísun.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 12. jan. þ. á., af Helga Eyjólfssyni, bifreiðarstjóra í Keflavík gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Vörubílstjóradeildar Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur. Samkvæmt munnlegum málflutningi stefnanda eru dómkröfur hans þær, að dæmt verði, að stefnda, Vörubílstjóradeild Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, sé skylt að sjá stefnanda sem félagsmanni deildarinnar fyrir afgreiðsluréttindum á vörubílastöð á félagssvæði stefnda, með jafngóðum kjörum og gert er ráð fyrir í samþykktum vörubílstjóradeildarinnar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Vörubílstjóradeild Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur mun hafa verið stofnuð árla árs 1946. Samkvæmt 6. gr. samþykkta hennar skulu félagsmenn greiða 500 króna stofngjald til „Vörubílastöðvarinnar í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, sem deildin rekur.“ Deildin rak vörubílastöð til 5. október 1946, en þann dag er stofnað Samvinnufélagið Vöru-

bílastöð Keflavíkur. Verður ekki annað ráðið, en að vörubílastöðvarrestur vörubílstjóradeildarinnar hafi þá að öllu leyti færzt yfir á samvinnufélagið. Samvinnufélag þetta starfaði þar til síðla árs 1948, en þann 12. desember það ár stofna nokkrir bifreiðastjórar í Keflavík hlutafélag til þess að reka vörubílastöð í Keflavík og færðist þá starfsemi samvinnufélagsins yfir á hendur hlutafélagsins.

Stefnandi máls þessa, sem hefur verið félagsmaður í Verka-lyðs- og sjómannafélagi Keflavíkur í mörg ár, gerðist í ársbyrjun 1947 félagsmaður í vörubílstjóradeild félagsins og fékk þá afgreiðslu fyrir vörubifreið sína hjá Vörubílastöð Keflavíkur, sem hann þá kveðst hafa haldið, að væri rekin af vörubílstjóradeildinni. Starfaði hann þá frá vörubílastöðinni til maíloka 1947. Árið 1948 er hann á stöðinni sömu mánuði og árið 1947, og enn kemur hann á stöðina í ársbyrjun 1949. Mánuðina janúar til apríl 1949 greiðir stefnandi 150 krónur í afgreiðslugjald á mánuði, sem aðrir vörubílstjórar, og auk þess kveðst hann þá hafa greitt til stöðvarinnar 5 kr. fyrir hvern mánuð, sem hann hafði verið fjarverandi næst á undan. Í apríllok s.l. árs bilaði bifreið hans og var ekki í nothæfu ástandi fyrr en í október s. á. Þann 1. nóvember s.l. ætlaði hann að hefja akstur frá vörubílastöðinni af nýju, en þá var honum tjáð af fyrirsvarsmönnum hennar, að hann fengi því aðeins afgreiðslu, að hann greiddi kr. 150.00 fyrir hvern mánuð, sem hann hafi verið fjarverandi þá næst á undan. Stefnandi vildi ekki hlýta þessu, og er hann fékk ekki stöðvarpláss með öðru móti höfðaði hann mál þetta og gerði framangreindar dómkröfur.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt framangreindum samþykktum vörubílstjóradeildarinnar skuli hún reka vörubílastöð og sé því skyld gagnvart honum sem félagsmanni, að sjá honum fyrir afgreiðslu frá vörubílastöð með jafngóðum kjörum og gert er ráð fyrir í samþykktum deildarinnar.

Stefndi hefur krafizt sýknu á þeim grundvelli, að vörubílstjóradeildin reki nú enga vörubílastöð og hafi ekki gert síðan áðurgreint samvinnufélag var stofnað 1946. Kveður stefndi, að stefnandi njóti allra sömu félagsréttinda og aðrir félags-

menn. Hins vegar sé það algert innanfélagsmál, hvernig vörubílstjóradeildin fylgir fram samþykktum sínum.

Eins og að framan er rakið hefur stefndi ekki rekið vörubílastöð síðan samvinnufélagið var stofnað árið 1946, og ekkert er upp komið um það í máli þessu, að stefndi hafi sérstaklega samið um það við hlutafélag það, er nú rekur vörubílastöð í Keflavík, eða aðra aðilja, að það taki félagsmenn deildarinnar til afgreiðslu á stöðinni. Það er heldur ekkert fram komið um það, að vörubílstjóradeildin láti undir höfuð leggjast að veita stefnanda sömu félagsréttindi og öðrum félagsmönnum. Þegar þetta er virt, er ljóst, að dómkrafa stefnanda lýtur í raun og veru að því einu, að stefndi verði með dómi skyldaður til þess að framfylgja því ákvæði samþykta sinna að reka vörubifreiðastöð. Þar sem ekki verður séð, að hér sé um þesskonar málefni að ræða, sem Félagsdómur samkvæmt lögum á dómsvald um, ber að vísa máli þessu sjálfkrafa frá dómi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá dómi.

Stefnandi, Helgi Eyjólfsson, greiði stefnda, Alþýðusambandi Íslands f. h. vörubílstjóradeildar Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
